



Fundur í sveitarstjórn

30. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 27. ágúst 2015 og hófst kl 17:00

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, Reynir Atli Jónsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Björn Guðmundur Björnsson, Dagrún Þórisdóttir, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Tillaga um að bæta inn lið 18 á dagskrá sem nefnist „Bókun vegna stöðunnar á markaði fyrir uppsjávarfisk“ samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1. fundar Velferðarnefndar Langanesbyggðar dags. 20. ágúst 2015

Liður 3 Forvarnarstefna Langanesbyggðar

Sveitarstjóra falið að semja við Ingvar Sigurgeirsson og Jakob Frímann um gerð forvarnarstefnu fyrir Langanesbyggð. Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

2. Fundargerð 8. fundar Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar dags. 17. ágúst 2015.

Lögð fram til kynningar.

3. Fundargerð 9. fundar Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar dags. 20. ágúst 2015.

Liður 1 Kamrar við Vesturheiðarkofa og Miðfjarðarheiðarkofa.

Lagt til að bókun Landbúnaðarnefndar verði staðfest af sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

4. Fundargerð 9. fundar Fræðslunefndar Langanesbyggðar dags. 7. ágúst 2015.

Liður 1 leiðbeinendur við leikskólann á Þórshöfn.

Ráðningar samþykktar samhljóða.

Liður 2 leiðbeinendur við grunnskólann á Þórshöfn.

Ráðningar samþykktar samhljóða.



Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

5. Fundargerð 10. fundar Fræðslunefndar Langanesbyggðar dags. 18. ágúst 2015.

Liður 1a leiðbeinendur við grunn- og leikskólann á Bakkafirði

Ráðningar samþykktar samhljóða.

Liður 1g Skóladagatal 2015/2016

Sveitarstjórn Langanesbyggðar leggur áherslu á að fræðslunefnd og skólastjórnendur sjái til þess að skóladagatöl séu fullkláruð tímanlega fyrir upphaf skólustarfs.

6 samþykkir, Dagrún sat hjá.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

6. Fundargerð 12. fundar Umhverfis- og Skipulagsnefndar dags. 25. ágúst 2015.

Liður 1 Byggingarleyfisumsókn Langholt 1

Lagt til að sveitarstjórn samþykki bókun Umhverfis- og skipulagsnefndar. Samþykkt samhljóða.

Liður 2 Veiðifélag Miðfjarðarár og Litlu – Kverkár

Lagt til að bókun Umhverfis- og skipulagsnefndar verði staðfest af sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

7. Bréf frá Öryrkjabandalagi Íslands, dags. 21. ágúst 2015.

Aðgengi að ferðasalernum fyrir fatlað fólk á almennum viðburðum og hátíðum á vegum sveitarfélaga og ríkis. Erindinu vísað til Velferðarnefndar. Samþykkt samhljóða.

8. Hreyfivika UMFÍ.

Ungmennafélag Íslands tekur þátt í Evrópskri lýðheilsuherferð dagana 21.-27. september 2015 og óskar eftir þátttöku sveitarfélagsins Langanesbyggðar. Lagt til að erindinu verði vísað til Íþróttá- og tómstundarnefndar. Samþykkt samhljóða.

9. Landsfundur jafnréttisnefnda.

Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga er haldin 8. og 9. október næstkomandi. Fundurinn er opin fulltrúum jafnréttisnefnda sveitarfélaga ásamt starfsfólki sem vinnur að jafnréttismálum. Erindinu vísað til Velferðarnefndar. Samþykkt samhljóða.

10. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga



LANGANESBYGGÐ

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin í Reykjavík dagana 24. og 25. september. Oddviti, vara oddviti, sveitarstjóri og skrifstofustjóri munu fara á ráðstefnuna.

Samþykkt samhljóða.

11. Erindi vegna leikskóladvalar utan lögheimilis.

Ósk um kostnaðarþátttöku vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við beiðninni.

Samþykkt samhljóða.

12. Erindi vegna lausnar frá störfum í sveitarstjórn.

Gunnólfur Lárusson, óskar eftir lausn frá störfum sem varamaður í sveitarstjórn og sem formaður í Umhverfis- og skipulagsnefnd Langanesbyggðar.

Sveitarstjórn samþykkir að leysa Gunnólf frá störfum og þakkar honum góð störf í þágu Langanesbyggðar.

Samþykkt samhljóða.

13. Samþykkt um hæsnahald í Langanesbyggð.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að samþykktum um hæsnahald og felur sveitarstjóra að klára málið. Samþykktin verður sett inn á heimasíðu Langanesbyggðar þegar hún er tilbúin.

Samþykkt samhljóða.

14. Reglur er varða húsnæði annað en íbúðarhúsnæði í eigu Langanesbyggðar.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að reglum um húsnæði í eigu Langanesbyggðar og felur sveitarstjóra að klára málið. Reglurnar verða settar inn á heimasíðu Langanesbyggðar þegar þær verða fullklárar.

Samþykkt samhljóða.

15. Rekstraruppgjör janúar til júní.

Sveitarstjóri lagði fram 6 mánaðar uppgjör og skýringar við það.

Skatttekjur og greiðslur frá Jöfnunarsjóði á tímabilinu eru meiri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Raun útgjöld eru nálægt því sem áætlað var og lægri en á fyrra ári.

16. Staða leikskólabyggingar

Frá síðasta fundi sveitarstjórnar hefur Helgi Geirharðsson verið ráðinn sem verkefnisstjóri við verkefnið. Helgi kom til Þórshafnar fyrrpartinn í ágúst, skoðaði núverandi aðstöðu í Grunnskólanum á Þórshöfn, hitti leikskólastjóra, skólastjóra Grunnskóla Þórshafnar, formann fræðslunefndar og ýmsa fleiri aðila.

17. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni sumarsins.

Flest gekk vel þrátt fyrir veður. Óvæntar viðgerðir komu upp svo sem í lögnum



LANGANESBYGGÐ

sem settu örlítið strík í reikninginn. Auka starfsmanni var bætt í áhaldahúsið sökum anna.

Lóðum hefur verið úthlutað við Langholt og Bakkaveg. Framkvæmdir eru hafnar.

Skólabyrjun hefur gengið nokkuð vel og gengið hefur verið frá samningum vegna skólaaksturs.

18. Bókun vegna stöðunnar á markaði fyrir uppsjávarfisk

Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir yfir þungum áhyggjum af þeirri stöðu sem komin er upp í kjölfar viðskiptabanns Rússlands á íslenskar sjávarafurðir. Sveitarstjórn leggur áherslu á að íslensk stjórnvöld hafi hagsmuni sjávarbyggðanna og störf til sjós og lands í huga í öllum sínum ákvörðunum er varða þetta mál sem og önnur.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar leggur á það áherslu að íslenskur sjávarútvegur sé ekki aðeins ein af grunnstoðum margra sveitarfélaga, heldur einnig Íslands alls. Því er ákaflega mikilvægt að hvert skref sem stjórnvöld taka sé vel grundað og ætíð sé metið hverjar afleiðingar gætu orðið og brugðist við sem kostur er. Samþykkt samhljóða.

19. Trúnaðarfundur

Fundi lokað og fundargerð færð í trúnaðarbók.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:27